

Landsamband Æskulýðsfélaga Framkvæmdastjórnarfundur

Landsambands æskulýðsfélaga

Haldin í Hinu Húsinu
Mánudaginn 20. september 2008
Frá kl 18:00 til 20:00

Dagskrá fundar

1. Fundur settur 18:12 og fundargerðir lagðar fram til samþykktar?

- Fundargerðir s.l. funda yfirfarnar → samþykktar
(JPS)
(DÖS)
(PBM)

2. Kynning á nýjum framkvæmdastjóra (HTF)

3. Opnunartími skrifstofu (JPS)

Fastur opnunartími á skrifstofunni kynntur.
Ekki verður forwardað, heldur notast við símsvara

4. Úrsögn Samfés og Ný-ung úr LÆF

- Bréf frá Samfés um einróma ákvörðun stjórnar um úrsögn

JP: Í kjölfarið er eðlilegt að ganga til viðræðna við ný félög.

- Óformlegt bréf um lausn frá LÆF frá Ný-Ung

Framkvæmdastjóri óskaði eftir formlegri beiðni um lausn

- Svarbréf SAMFÉS við bréfi LÆF

Bréf barst frá SAMFÉS þar sem að formleg svör bárust um að staða mála væri óbreytt. Bréfið var dagsett 26. júlí og við fengum það 5. september. Í bréfinu frá SAMFÉS var 14 daga frestur sem LÆF gaf gagnrýndur, en benda má á það að SAMFÉS hafi í vor gefið LÆF 9 daga frest til að svara ákveðinni fyrirspurn.

- Samtal við formann SAMFÉS?

(JPS)

5. Gjaldkerastaða laus til umsóknar

- Leit að nýjum gjaldkera

Framkvæmdastjóri mun senda póst á aðildarfélögin með tilkynningu um að gjaldkerastaða er laus til umsóknar

Ef nokkrar umsóknir koma inn þá mun stjórnin taka kjósa um hver taki við.

- Hvert skal leita?

- Tillaga að bráðarbirgðalausn og skipulagi

JPS samþykkir reikninga á meðan félagið er "gjaldkeralaut"

-Almenn umfjöllun um bókanir, og hvort að forsenda sé til þess að ráða bókhaldsþjónustu til þess að framkvæmdastjóri borgi t.a.m. ekki sjálfum sér laun. PBM er sammála að það þurfi að skoða þetta þar sem þetta er m.a. "trust-issue" JP gerir það að tillögu að Hildur finni bókara og fái tilboð frá nokkrum bókurum, þau tilboð verða skoðuð í framhaldinu. Sú tillaga er samþykkt.

6. Æskulýðsgáttin rædd

- Vefsíðan æska.is

Youth.is verður áframsent á næstu dögum yfir á æska.is

Póstur er færður frá Símanum yfir á Stefnu

- Kaup á hönnun fyrir vefinn

Spurning hvort að við söltum þetta fram á næsta ár. → Umræðan er söltuð.

-Hvernig væri hægt að auka umferð á síðuna okkar

Setja inn lógó af LÆF inn á síður aðildarfélaga – Framkvæmdastjóri mun minnast á þetta í samtölum sínum við aðildarfélögum.

Framkvæmdastjóri mun stofna Facebook fyrir LÆF

~~–Stefna á leið í RVK á morgun föstudag
(Umræða)~~

7. Þing ungarfólksins

- Staða á verkefninu

Ekki er búið að funda, en það er stefnt að því að hittast í hádeginu á fimmtudaginn.

Framkvæmdastjóri mun ýta á eftir ungliðahreyfingunum. Á fundinum verður m.a. rætt hvenær þingið ætti að vera haldið og hvort að forsenda sé til þess að fresta því fram í febrúar.

PBM: UJ hafa velt því upp að einhverskonar breytingar verði á ÞUF með meiri áherslu á málefni unga fólksins. Það verði rætt innan stjórnmalahreyfinganna.

8. Fundir með MMR (JPS)

Óskað verður eftir fundi með Karítas og Erlendi og stjórn LÆF. Eingöngu er um fund að ræða til að viðra umsóknir í æskulýðssjóð, hugsanlega setu okkar í æskulýðsráði og hvort að við getum tilnefnt, og svo almennar fréttir af okkur, hver staðan er, hvað við ætlum að gera o.þ.h.

Karítas er skrifstofustjóri og Erlendur er yfirmaður æskulýðsmála.

Framkvæmdastjóri hefur verið að reyna að ná í Erlend, vegna þess að European Youth Forum hringdi og var að óska eftir fulltrúa frá okkur. Skv. boðinu á menntamálaráðuneytið að útnefnda þátttakendur og óskað eftir því að einhver úr landsambandi æskulýðsmála mæti en upplýsingar hafa borist um að MMR hafi skipað tvo einstaklinga einn úr MMR og annan úr æskulýðsmáli og sniðgengið okkur í leiðinni. JP mælir með því að ræða við Karítas um þetta.

9. Fjárhags og framkvæmdaráætlun fyrir 2009

- Verkefnateymi í að útbúa áætlun fyrir fund í upphafi OKT (JPS)
Hugmynd JP var að varaformaður, formaður og gjaldkeri myndu setja saman verkefnateymi um fjárhags- og framkvæmdaráætlun fyrir 2009.

Hugmynd um að þróa námskeið og skoða hvað Norðurlönd eru að gera í svipuðum málum.

Búa til Verðlaun sem hægt er að veita æskulýðsfélögum.

Lokafrestur til fjárlaganefndar er 15. október

Næsta mánudag 29. september þá er "þankaregnsfundur" hjá stjórn um framkvæmdaráætlun.

10. Umsókn til fjárlaganefndar Alþingis fyrir árið 2009

- Umsókn frá því í fyrra uppreiknuð
- Rekstur félagsins mikilvægur
- Fundir með fjárlaganefnd og þingmönnum sem í henni sitja
JP hvetur til jákvæðra samskipta við þingmönnum fjárlaganefndar.
- Áhersla á upplýsingamiðlun til aðildarfélaga og aukið starf á þeim vettvangi á komandi ári
Eðlilegt að skoða hvort að önnur félög erlendis eða innanlands séu með einhverskonar upplýsingamiðlunarkerfi til aðildarfélaga sinna. Þannig að við séum ekki að finna upp hjólið. **Pálína tekur það að sér að hafa samband.**

11. Fundir með Aðilafélögum

- Áframhaldandi fundir framkv.stj. með aðildarfélögum.
Agnar var búinn að ræða við 10 aðildarfélög og m.a. minnst á fulltrúaráðsþing við þau.

12. Verkefni vetrarins

- Námskeið fyrir aðildarfélög (UMRÆÐA)
Andrés Jónsson gæti verið með PR námskeið
Hugmynd kom frá framkvæmdastjóra um að halda Lobbí-ista námskeið, Andrés gæti komið að því.
- Lifandi jólabókasafn fyrir jólin.
Sett í bið fram á fulltrúaráðsþing.
- Búa til verðlaun fyrir aðildarfélög → skoða betur.

Það má ræða það að halda einhverskonar vísindaferðir / heimsóknir milli félaga. Rætt nánar á næsta fundi.

13. Fulltrúaráðsþing LÆF

- Dagsetning og drög að dagskrá (JPS)
Stefnt að því að fulltrúaráðsþing verði haldið. 13. nóvember 2008
Lagabreytingartillögu
Evrópa Unga Fólksins
Vefurinn æska.is

Verkefni LÆF
Nýjungar í æskulýðsmálum.

Síðast mættu þrír, þurfum að efla þátttöku á næsta fulltrúaráðsþing.

Hafa samband við aðildarfélag um t.d. að fá að vera í húsnæði þess.
Kostnaður er helst fólgin í mat og veigum.

Ýmsar hugmyndir um að fá gesti á fundinn, halda fögnuð eftir fundinn og jafnvel að fá félögin til sérstakrar þátttöku eftir fundinn.

14. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu

- Boð um að taka þátt í ASÍ landsfundi í OKT, verður haldin 23. og 24. október.
- Búið er að bjóða aðildarfélögum að taka þátt í þessum landsfundi ASÍ.

15. Verklagsreglur

- Í bið

16. Önnur mál:

Pálína, varðandi Alþjóðamál. Var búin að melda sig á ráðstefnu í Belgíu 3-5 október, en svo virðist sem hún komist ekki. Væri gott ef að stjórnarmeðlimur myndi komast á ráðstefnuna! Umfjöllunarefnið er um tækifæri til að bæta samskipti milli æskulýðsfélaga á alþjóða- og innanlands. → Sindri skoðar þetta. Hægt er að fá upplýsingar á síðunni www.rdj.be

Að öðru leiti eru Hildur, Pálína og Ólöf að fara til Brüssel á European Youth Week.

Fundir stjórnar verði reglulegir

Reglulegir fundir verði haldnir annan hvern mánudag frá deginum í dag. Næsti fundur verður haldinn 6. október kl 18-20.

17. Fundi slitið. (JPS) kl 20:07